

Stál í stál á svalirnar

Stálsvalir geta prýtt hvaða hús sem er. Benedikt Sveinsson stálverkjameistari á fyrirtækið Stál í Stál sem sérhæfir sig meðal annars í smíðum á stálsvölum. Benedikt hefur smíðað hátt á annað hundr- að stálsvala á síðustu fjórum árum með góðum árangri.

„Það er hægt að smíða svalir utan á hvaða hús sem er, bæði gömul og ný.“ segir Benedikt Sveinsson stálverkjameistari.

„Stálsvalir hafa ótal margt fram yfir hefðbundnar steiptar svalir,“ bætir Benedikt við. „Steiptar svalir eru yfirleitt það fyrsta sem grotnar niður á húsum. En í stálsvölum er engin kuldabrá sem getur legið fyrir skemmdum og þær eru algjörlega viðhaldsfríar.“

Benedikt bendir á að stálsvalir bjóði jafnframt upp á endalaus hönnunarmöguleika. „Menn geta til dæmis valið um glerhandrið,

timburhandrið, klædd álhandrið eða steinhandrið. Möguleikarnir á gólfefni svalanna eru einnig ótalmargir. Hægt er að nota harðvið á gólfið, pallaefni eða flísar og það er meira að segja hægt að helluleggja það eða steypa flotaða skel,“ segir Benedikt og bætir við að jafnvel sé hægt láta líta út fyrir að svalirnar séu steiptar utan á húsið.

„Til þess að geta slegið upp svölum þarf samþykki frá bygginga- og skipulagssviði viðkomandi sveitarfélags, teikningu frá arkitekt sem búið er að samþykkja af burðarþolsfræðingi og oft þarf einnig samþykki frá nágranna. Að sjálfsögðu þarf svo smiðurinn sem sér um uppsetningu svalanna að hafa meistararéttindi,“ segir Benedikt.

„Þegar öll leyfi og teikningar liggja fyrir tekur það mig ekki nema nokkrar vikur að setja svalirnar upp en það fer auðvitað eftir stærð svalanna,“ segir Benedikt að lokum.

- árá



Benedikt Sveinsson stálverkjameistari mundar málbandið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Stálsvalir setja nýtskulegan svip á þetta uppgerða hús.



Smart og fyrirferðarlítið.



Hægt er að nota alls konar form. Hér mynda svalirnar boga.

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@mhg.is

Leysir af hólmum K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,6 / Skurðd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvirkvæðsla fyrir: Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hó B&S

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K3600 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,8 cm.

DIMAS hand - kjörabervélur
DIMAS hringvagnabíld
DIMAS ELD 20/ELD 45/ELD 70/ELD 90 Þurr & blaut steinsagnabíld
DIMAS kjörabærstolar
DIMAS kjörabærar

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD

The smart way. DIMAS